

# NORÐURSTJARNAN

1. tbl. 12. árg. 2009 – Föstudagurinn 1. maí



1. maí – Alþjóðlegur ★  
baráttudagur verkafólks

Einleikur á glansmynd ★

Ævintýri frá upphafi til enda ★

Jöfnuður er undirstaða ★  
velferðar

Góður sigur Vinstri grænna ★

Kosningafundur í Grímsey á ★  
sumardaginn fyrsta

Svipmyndir frá kjördegi ★



Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Ásmundur Þórarinnsson.  
Ritnefnd: Magnús Stefánsson, Björgvin Leifsson,  
Ásmundur Þórarinnsson og Anna Helgadóttir  
Starfsmenn ritnefndar: Ólafur Þ. Jónsson og  
Þór Steinarsson  
Ljósmynd á forsíðu: Gísli Dúa Hjörleifsson  
Útgefandi: Kjördæmisráð VG í Norðausturkjördæmi  
Umbrot og prentun: Ásprent  
Upplag: 3.000 eintök  
Dreift í Norðausturkjördæmi

## Einleikur á glansmynd

Löngum hefur alþýða fólks haft lítið fé handa millum og þeir sem betur hafa mátt sín reynt að halda henni sem næst fátæktarmörkum. Þó hafa á síðari áratugum komist á legg allfjölmennar milli-stéttir sem bera nógu mikið úr býtum til að berast dálítið á, og jafnvel náð að efnast nokkuð og skal ég ekki lasta það. Til þess hefur þurft uppgangstíma, svo sem heimsstyrjöld eða svartan sjó af síld. Þess á milli kemur afturkipur í góðarið og þá þarf að grípa til sérstakra ráðstafana.

Enginn man né veit til annars en endurtekinn leiðangur til bjargar atvinnuvegunum, gengisfellingar, skattahækkunar á nánast allt sem fólk þarf til sinna nota, hagræðingar, vaxtaokur, verðtryggingar. Man þó ekki eftir að hafa heyrt útskýrt hvað átt er við með orðinu atvinnuvegir, enda óvíst að þeir séu allir jafnþarfir, því síður hverjum var í raun verið að bjarga. Síðasti leiðangur af þessu tagi stóð yfir í 18 ár og átti að vera mestur þeirra allra; einskona upphaf þúsundarárkis, þegar „markaðurinn“ leysir öll vandamál, stór og smá og ver mannfolkið fyrir hverskyns erfiðleikum. En einleikurinn á þessa glansmynd frjálshyggjunnar reyndist vera undirspil við stórfenglegasta dans þjófa og ræningja sem nokkru sinni hefur verið stiginn, a.m.k. héraendis. Danshúsið rústir einar eins og allir vita, kannski sokkið að fullu í jörð niður.

Hvenær hyggst alþýðan fara að vinna fyrir sig sjálfa en ekki þjófa og ræningja?

### Nokkrar spurningar

Af hvaða völdum lagðist íslenskur iðnaður að mestu leyti af? Urðu Íslendingar einhverju bætari við það? Voru það náttúruöflin sem komu kaupfélögunum fyrir kattarnef? Eða sparissjóðunum? Voru ekki lífeyrissjóðirnir að tilkynna á dögumum skerðingu á lífeyri? Hvernig stóð á því? Hvar eru nú þeir stóru bankar íslenskir sem voru í þann veginn að



Ásmundur Þórarinnsson.

leggja heimsbyggðina að fótum sér fyrir nokkrum mánuðum?

### Maður, hvar býrð þú?

Síst má gleyma hvar við búum mannkindurnar, né hvernig ætlunin er að ganga um þennan dvalarstað okkar sem er

Móðir jörð, stundum nefnd Gæa. Stöðugt erum við að rekast á nýjar upplýsingar um breytingar á loftslagi, vötnum og höfum af völdum mengunar, sem aftur veldur breytingum á eiginleikum lands og sjávar. Afleiðingar þessa á allt lífríkið sér enginn fyrir, en þær eru farnar að koma æ meira fram og boða ekkert gott. Þrátt fyrir það sjást þess ekki mörg merki að ætlunin sé að bregðast í raun við váboðum með áframhaldandi líf á jörðunni í huga. Að minnsta kosti ekki líf í þeirri mynd sem við þekkjum nú um stundir. Því hlýtur það að vera brýnasta ætlun mannkynsins, hvers einasta manns, að leggja sitt til þess að gera jörðina ekki óbyggilega. Vinna með náttúrunni í sátt við umhverfið, leita jafnvægis eins og náttúran sem stöðugt vinnur án strits. Mahatma Gandhi lét þess einhversstaðar getið að jörðin geti séð öllum farborða, en hún gæti aldrei satt græðgi mannanna.

### Heilræði

Í fornum textum frá elstu menningarþjóðum heimsins má finna þess getið að hver einstaklingur fái ekki öðlast neitt sem er í eðli sínu einhvers virði, nema vinna fyrir því á eigin spýtur. Efli sig með þekkingu og þroski sig þar með að viti. Á þennan hátt vinnur hann jafnframt öðrum gagn. Oft var þörf en nú er nauðsyn. Láttum ekki heimslygina lengur villa okkur sýn.

Í gömlum austurlenskum texta segir svo:

„Þegar þú gengur skaltu ganga.

Þegar þú situr skaltu sitja.

Umfram allt. Ekki tvístíga“.

Ásmundur Þórarinnsson

# Jöfnuður er undirstaða velferðar

Ísland hefur löngum getað státað af samfélagi þar sem fólk stendur tiltölulega jöfnum fótum. Á síðustu tveimur áratugum hefur það hinsvegar breyst og gjá er að myndast milli þeirra sem kunna vart aura sinna tal og þeirra sem eiga erfitt með að ná endum saman í hverjum mánuði. Sjálfskipaðir fjármálaspekingar landsins voru í útrás, fóru langt fram úr sjálfum sér í græðgi og almenningur lét gleppast þrátt fyrir að innistæða væri ekki alltaf fyrir hendi. Í slíku samfélagi fara að búa tvær þjóðir líkt og gerst hefur í Bretlandi og Bandaríkjunum. Þjóð þeirra sem getur nálgast allt sem hugurinn girnist og þjóð sem þarf fyrst og fremst að hugsa um að nóg sé í ískápnum, annað er munaður sem ekki er hægt að leyfa sér. Með tvær þjóðir í einu landi verður ekki lifað.

### Afurd græðginnar

Félagsleg einangrun þeirra sem ekki geta keypt það sem þeir vilja elur af sér félagsleg vandamál sem nú er farið að bera á í okkar samfélagi, svo sem tilhæfuleast ofbeldi, fíkniefnanotkun og almennt skeytingarleysi fyrir samborgurum. Samfélag þar sem ótti byrjar að skjóta rótum við þá sem eru utanveltu, þegar hinir efnameiri fara að girða sig af með einkaöryggisgæslu í sérstök hverfi og senda börnin sín í sérstaka skóla eru ekki bara sögur frá öðrum löndum heldur dæmi frá Íslandi í dag. Þessu þarf að breyta.

### Þjóðfélag jafnaðar

Aldrei hefur verið eins mikil þörf að verja hin samfélagslegu gildi; skólana, heilbrigðisþjónustuna, íbúðalánakerfið og störfín hver sem þau eru.

Til þess að svo megi verða þarf nýja



Bjarkey Gunnarsdóttir.

forgangsröð, nýja stjórnarhætti, nýjar hugmyndir og nýja pólitík til að endurskapa samfélag jöfnuðar á Íslandi. Slík endursköpun fylgir ákveðnum leiðum og þarf að gæta þess að markmiðin séu alltaf skýr þegar leiðir eru valdar í ákvörðunum.

Leiðin sem VG vill er að dreifa skattgreiðslum þannig að þeir sem meira hafi leggi meira til samfélagsins, þetta er þungamiðjan í stefnu flokksins. Allar þær ákvarðanir sem teknar verða varðandi skattabreytingar miða að því eina marki að skapa samfélag þar sem allir geta verið virkir þátttakendur með jafna möguleika á því besta sem í boði er. Þar sem jafnir möguleikar allra eru tryggðir til bestu fánlegu menntunar og bestu fánlegu heilbrigðisþjónustu þrífst samfélag velferðar og samstöðu. Þar sem jafnir möguleikar allra eru tryggðir til góðs húsnæðis og atvinnu þrífst samfélag með undirstöður sem gera öllum kleift að nýta sín tækifæri.

### Lýðræði er krafa dagsins

Það er okkar hlutverk að standa saman og hjálpast að til að takast á við þau vandamál sem blasa við. Saman búum við til þjóðfélag þar sem allir hafa jöfn tækifæri til að öðlast það besta sem í boði er þá eyðum við tortryggni og sundrunu úr okkar samfélagi. Þegar samfélagið stendur saman að lausn sinna vandamála þá er velferð allra tryggð. Fyrsti maí er baráttudagur verkalyðsins – hann er sá dagur þar sem við minnumst þess hvers virði samstaðan er, VG vill tryggja jöfn tækifæri allra og þannig skapa undirstöður velferðar á Íslandi.

Bjarkey Gunnarsdóttir

## Efling millilandaflugs

Vinnuhópur atvinnuþróunarfélaga, ferðaþjónustuaðila og annarra hagsmunaaðila á Norðurlandi skorar á þingmenn og frambjóðendur að styðja framkomnar hugmyndir um millilandaflug á heilsársgrunni til Akureyrar frá Kaupmannahöfn og London. Beint flug allt árið frá þessum stórborgum til Norðurlands gefur ferðaheildsölum ný tækifæri þar sem hér er um að ræða NÝJAN áfangastað, áfangastað sem erlendar ferðaskrifstofur hafa sýnt mikinn áhuga á að kynna og selja. Með þessu flugi næst betri nýting á þeirri fjárfestingu sem þegar liggur í innviðum samfélagsins á svæðinu og fjölgun heilsársstarfa.

Millilandaflug á heilsársgrundvelli eykur lífsgæði íbúa á svæðinu og kemur til með að skapa ferðaþjónustunni á Norður- og Austurlandi algjörlega nýjan rekstrargrundvöll, efla arðsemi, nýsköpun og þróun í ferðaþjónustu og hafa gríðarlega jákvæð áhrif á aðra atvinnustarfsemi á landsbyggðinni, sérstaklega yfir vetrartímann. Margfeldisáhrif af ferðaþjónustu eru mikil,

þar með taldar gjalddeyriskjukur og því getur þessi aðgerð ein og sér stuðlað að verulegri atvinnuuppbyggingu á áhrifsvæðum millilandaflugsins. Að auki kemur reglubundið millilandaflug til með að gefa útflutningsfyrirtækjum ný tækifæri til fragtflutninga og lækkunar á flutningskostnaði sem hefur jákvæð áhrif á arðsemi fyrirtækjanna sem eykur jafnframt afhendingaröryggi.

Lenging Akureyrarflugvallar og stækkun flugstöðvarinnar skiptir sköpum til að þessi áform gangi eftir vegna aukinnar umferðar farþega um Akureyrarflugvöll.

Akureyri, 7. apríl 2009

E.h. vinnuhópsins:

Atvinnuþróunarfélag Eyjafljarðar,

Magnús Asgeirsson,

Atvinnuþróunarfélag Pingeyinga,

Reinbard Reynisson,

SSNV-Atvinnuþróun,

Jón Óskar Pétursson,

Akureyrarstofa, Þórgnýr Dýrfrjörð,

Markaðsstofa Ferðamála á Norðurlandi,

Ásbjörn Björgvinsson

## STEFNA, félag vinstrimanna heldur fund 1. maí kl. 10:45 að Geislagötu 7.

Ræðumaður: Einar Már Guðmundsson rithöfundur

Auk þess: Tónlist, ljóð og upplestur

# Góður sigur Vinstri grænna

Úrslit kosninganna í ár eru sigur fyrir Íslenskt félagshyggjufólk. Ríkisstjórn Vinstri grænna og Samfylkingar hélt ekki aðeins velli heldur bætti við sig umtalsverðu fylgi frá síðustu kosningum og nýtur nú tryggs meirihluta á Alþingi. Þar skipti góður sigur Vinstri grænna mestu máli og sá sigur hlýtur að setja mark sitt á samstarf þessara tveggja flokka.

## Heiðarleiki og trúnaður

Vinstri græn stóðu vel að vígi fyrir kosningarnar með sterka málefnastöðu og laus við þá spillingu sem aðrir flokkar voru að glíma við. Við vorum sjálfum okkur trú og stefnuföst þrátt fyrir að vera oft og tíðum með vindinn í fangið. En fyrst og fremst sýndi flokkurinn íslenskum almenningi trúnað með því að hlaupa ekki undan málum eftir því hvernig vindarnir blésu hverju sinni. Það kunnu kjósendur að meta og

veittu floknum það brautargengi sem hann að lokum fékk. Frambjóðendur Vinstri grænna höfðu kjark til að segja það fyrir kosningar sem þeir töldu að þyrfti að gera eftir kosningar. Við lögðum fram útfærðar tillögur varðandi tekjuöflun í gegnum skattkerfið og viðruðum hugmyndir um aðhald í opinberum rekstri sem augljóslega þarf að grípa til innan skamms. Við lögðum fram raunhæfar tillögur í atvinnumálum sem nú þegar eru farnar að birtast landsmönnum og við ítrekuðum stefnu flokksins á öðrum sviðum.

## ESB hafnað

Athyglisverðasta niðurstaða kosninganna er slök útkoma Samfylkingarinnar sem setti aðild Íslands að ESB sem for-



Björn Valur Gíslason

gangsmál. Vinstri græn settu hins vegar fram þá stefnu sína að Íslandi væri best borgið utan ESB og lögðu hana í hendur kjósenda. Hafi svo verið að kjósendur hafi verið að taka afstöðu með eða á móti ESB með stuðningi sínum við þessa tvo flokka þá er morgunljóst að þeir höfnuðu hugmyndum um aðild

Íslands að ESB með því að skapa Vinstri grænum góðan kosningasigur. Samfylkingin jók atkvæðamagn sitt um 11% frá síðustu kosningum og bættu við sig tveim mönnum. Vinstri græn juku atkvæðamagn sitt um 52% og bættu við sig fimm mönnum. M.ö.o. þá skóp sigur Vinstri grænna þann sigur sem ríkisstjórnin í heild sinni vann í kosningunum með því að leggja í samstarfið fimm menn af sjö sem stjórnin

bætti við sig. Í rauninni hefði aukinn þingstyrkur Vinstri grænna dugað minnihlutastjórninni til að ná meirihluta á Alþingi þó svo að Samfylkingin hefði ekki náð að vinna nokkurn nýjan mann. Svo einfalt er það nú þegar betur er að gáð.

## Landsbyggðarmál

Helmingur þingflokks Vinstri grænna kemur af landsbyggðinni. Það er mikið rætt um að atvinnulífið á landsbyggðinni muni verða sá aflagjafi í efnahagslífinu sem við þurfum á að halda. Þar er vísað til sjávarútvegs, landbúnaðar, ferðaþjónustu og matvælaíðnaðar svo dæmi séu nefnd. Þingflokkur VG mun halda vel utan um málefni landsbyggðarinnar, þar sem undirstaða endurreisnarinnar mun byggja upp leið til betri framtíðar.

Björn Valur Gíslason

Þingmaður Vinstri grænna

**Þökkum öllum okkar stuðningsmönnum fyrir framlag þeirra í kosningabaráttunni og frábæran árangur í kosningunum**



KEA

síðan 1886

# Ævintýri frá upphafi til enda

Vinstrihreyfingin – grænt framboð var stofnuð í febrúar árið 1999. Ýmsir töldu þá að þessi nýja hreyfing ætti sér litlar lífslíkur og stjórnmálaskýrendur töldu margir hverjir að Vinstri græn myndu ekki ná manni á þing. Hrakspárnar reyndust rangar og við hlutum 8,9% atkvæða og sex þingmenn í kosningunum 1999.

Eftir að hafa misst einn mann í kosningum árið 2003 þrátt fyrir að hafa fengið 8,8% fylgi, unnum við svo stórsigur árið 2007 með 14,3% atkvæða og níu þingmenn og urðum þriðji stærsti flokkurinn á Alþingi. Þar með varð Vinstrihreyfingin – grænt framboð að einum stærsta alvöruvinstri flokki í Evrópu og hlutum við öfund margra félaga okkar á hinum Norðurlöndunum.

Í ljósi þessa þarf ekki að fara mörgum orðum um niðurstöðuna í kosningunum á laugardaginn síðastliðinn. Útkoman, 21,7% atkvæða og 14 þingmenn, er stórkostlegur kosningasigur og ein glæsilegasta kosning evrópskra vinstri flokka sem um getur síðustu ár. Sennilega eru það aðeins vinir okkar í færeyska Þjóðveldisflokknum sem geta státað af öðrum eins stuðningi sinnar þjóðar við róttæka félagshyggju og umhverfisvernd. Saga Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs er því sannkallað ævintýri frá upphafi til enda.

## Verksöm ríkisstjórn

Vorsins 2009 verður þó ekki aðeins minnst fyrir kosningasigur Vinstri grænna í apríl heldur einnig fyrir fyrstu aðkomu VG að ríkisstjórn í byrjun febrúar. Ríkisstjórn Vinstri grænna og Samfylkingarinnar sem þá var mynduð var aldrei ætlað að sitja lengur en fram að kosningum – kosningum sem þjóðin hafði krafist með tjáningarfrelsi sínu og réttinum til að mótmæla og ákveðið var að halda að tæpum þremur mánuðum liðnum.

Á þessum þremur mánuðum hófst endurreisn íslensks samfélags eftir hrun nýfrjálslyggjunnar og alls þess sem hún hafði skapað. Vandamálín sem við stóðum frammi fyrir og gerum enn, voru meðal annars gífurlegar skuldir, halli á ríkissjóði, vaxandi atvinnuleysi, lamað bankakerfi og þaulseta pólitískra embættismanna. Það lá strax fyrir að þessi verkefni yrðu ekki kláruð á þeim stutta tíma sem okkur gafst. En við lögðum okkur öll fram og teljum okkur hafa skilað góðu verki. Ef marka má úrslit kosninganna, og sérstaklega stórsigur Vinstri grænna, eru kjósendur sama sinnis. Við Vinstri græn getum horft framan í þjóðina eftir þriggja mánaða stjórnarsetu, ólíkt sumum öðrum flokkum, og verið sannfærð um að við gerðum rétt þegar við settumst í ríkisstjórn við afar óvenjulegar og erfiðar aðstæður í íslensku samfélagi.

## Velferðarstjórn

Það er ekki úr vegi að fara örstutt yfir helstu verk þessarar fyrstu ríkisstjórnar með aðild Vinstri grænna. Meðal fyrstu



Steingrímur J. Sigfússon.

verkefnanna var að breyta yfirstjórn ýmissa stofnana og skipta þar út þeim sem báru ábyrgð á aðgerðarleysi fyrri ríkisstjórnar. Skipt var um stjórn Fjármálaeftirlitsins, ný stjórn Seðlabankans kosin og nýr seðlabankastjóri ráðinn til bráðabirgða. Eva Joly, heimskunnur rannsakandi efnahagsbrota, var ráðin til starfa og henni veittar umtalsverðar fjárhags- og lagaheimildir til að rannsaka ofan í kjölinn hvað átti sér stað í fjármálaheiminum í aðdraganda hrunsins haustið 2008.

Mikilvægasta verkefni ríkisstjórnarinnar var þó hiklaust að verja heimilin og fjölskyldur landsins við mjög erfiðar aðstæður. Við tryggðum að enginn missti húsnæðið með umfangsmiklum aðgerðum, m.a. með því að hækka vaxtabætur um 30%, stöðva öll nauðungaruppboð, koma á greiðslujöfnun gengisþryggðra lána og greiðslu-aðlögun fyrir þá sem verst eru settir. Við jukum fjárhagslegt svigrúm heimilanna, m.a. með því að opna fyrir útgreiðslu séreignalífeyrissparnaðar, fella niður innritunargjöld á sjúkrahús og heilbrigðisstofnanir og auka réttindi sjálfstætt starfandi einstaklinga og námsmanna til að komast á atvinnuleysiskrá. Loks vörðum við velferðar-

þjónustuna og skólakerfið, stóðum vörð um góða og ódýra þjónustu á sjúkrahúsum og heilbrigðisstofnunum og komum í veg fyrir aukna gjaldtöku í skólum landsins. Þá gerðum við námsmönnum kleift að stunda lánshæft nám í sumar í stað þess að þiggja bætur með því að færa 660 milljónir í Lánasjóð íslenskra námsmanna.

## Tækifæri á landsbyggðinni

Ný ríkisstjórn með aðild Vinstri grænna beindi einnig sjónum sínum að því að verja störf sem fyrir voru og skapa skilyrði til að fjölga störfum þar sem því varð við komið. Eitt af því sem þegar er farið að skila árangri er endurgreiðsla á virðisaukaskatti vegna vinnu við íbúðarhúsnæði, sem var tímabundið hækkuð úr 60% upp í 100% til að liðka fyrir byggingariðnaði. Íbúðalánasjóður hefur einnig fengið auknar heimildir til að lána til viðhaldsverkefna á íbúðarhúsnæði. Mestu skiptir þó líklega lækkan stýrivaxta úr 18% í 15,5%.

Eins og við Vinstri græn höfum verið dugleg við að benda á liggja tækifærin til uppbyggingar efnahags- og atvinnulífs ekki síst á landsbyggðinni.

Við höfum unnið út frá þeirri hugsun í ríkisstjórn, m.a. þegar kynnt voru áform um strandveiðar í sjávarplássum og búvörusamningarnir endurnýjaðir. Þá hefur matvælafrumvarpið umdeilda tekið umtalsverðum breytingum og komið hefur verið til móts við Bændasamtökin sem hafa sent frá sér nýja umsögn um frumvarpið. Loks hefur verið veitt heimild til að Bjargráðasjóður geti á árinu 2009 veitt bændum stuðning til að draga úr hættu á uppskerubresti sem gæti leitt af sér óæskilegan samdrátt í búvöruframleiðslu.

## Heiðarleg stjórnmál

Í kosningabaráttunni unnum við Vinstri græn samkvæmt reglunni um að segja það fyrir kosningar sem við töldum þurfa að gera eftir kosningar. Það fólst meðal annars í því að segja þjóðinni satt um stöðu efnahagsmála, skuldir þjóðarbúsins og hallann á ríkissjóði. Ólíkt öðrum flokkum gerðum við einnig grein fyrir ítarlegum tillögum okkar að því hvernig takast ætti á við vandann og leyndum því ekki að fara þyrfti blandaða leið til að mæta fjárlagahalla ríkisins, þannig að ekki verði aðeins skorið niður heldur einnig leitast við að auka tekjur ríkissjóðs. Ljóst er að sama hvaða flokkur er í

*„Í ljósi þessa þarf ekki að fara mörgum orðum um niðurstöðuna í kosningunum. Útkoman, 21,7% atkvæða og 14 þingmenn, er stórkostlegur kosningasigur og ein glæsilegasta kosning evrópskra vinstri flokka sem um getur síðustu ár.“*

ríkisstjórn þarf að auka tekjurnar en við lögðum fram tillögur um að hlífa lág- og millitekjufólki við skattahækkunum með því að hafa hér þrepaskipt skattkerfi í stað flatrar skattprósenthækkunar, auk þess sem við lögðum til að fjármagnstekjur yrðu skattfrjálsar fram að 120.000 kr. á ári en umfram það yrði hækkun á fjármagnstekjuskatti úr 10% í 14%.

Þegar allt kemur til alls held ég að þjóðin hafi kunnað að meta þá hrein-skilni og þann heiðarleika sem einkenndi okkar tillögur og kosningabaráttu okkar í heild sinni. Aðrir flokkar, sem beittu hræðsluáróðri um stefnu okkar og annarra, uppskáru í samræmi við þá lágkúru sem einkenndi þeirra baráttu. Það að íslenska þjóðin hafi í nýafstöðnum kosningum ekki látið hræðast til að skipta um skoðun heldur látið skynsemina og reynsluna ráða gjörðum sínum blæs manni bjartsýni í brjóst. Það er enn ein sönnun þess að við Íslendingar munum komast út úr erfiðleikunum sem eru framundan fyrir en síðar. ■

Ávarp 1. mánefndar stéttarfélaganna við Eyjafjörð 2009

# Verjum heimilin, verjum atvinnuna er kjörorð okkar hér í dag

**Snúum bókum saman, náum verðbólgunni niður, lækkum vextina og komum þannig atvinnulífinu af stað á nýjan leik.**

**Sameinumst í þeirri kröfu að heimilin geti greitt skuldir sínar, í stað þess að þær steypi þeim í gjaldþrot.**

Kreppan og fall bankanna hafa miklar afleiðingar fyrir okkur öll sem búum á Íslandi og þótt við hér á norðurhvara höfum ekki fengið mikinn skammt af góðærinu lendir afleiðing ofþenslunnar og óráðsunnar af fullum þunga á okkur. Hér er mikið atvinnuleysi í nær öllum greinum atvinnulífsins, þó að það sé mest í byggingar- og mannvirkjagerð. Það er óhugnanleg staðreynd að um 1.600 manns eru atvinnulausir á Norðurlandi eystra og þar af eru um 1.200 manns á Akureyri. Atvinnuleysi er eitt mesta ból sem yfir okkur getur gengið, skapar mikla óvissu fyrir fólk og mun örugglega leiða af sér brottflutning yngra fólksins til annarra landa.

Eins og horfurnar eru núna er alveg ljóst að staðan mun ekki batna að neinu marki fyrr en 2010-2011. Við höldum samt í vonina um betri tíð. Það stýttir alltaf upp um síðir og við treystum því að það gerist einnig nú.

Mikil óvissa ríkir með alla samninga á vinnumarkaðinum. Hvort sem talað er um almenna-, ríkis- eða sveitarfélagsamninga. Í samningum á almenna vinnumarkaðinum var ákvæði um að í febrúar 2009 skyldi farið yfir málin og skoðað hvort samningsorsendur væru brostnar, það er að segja verðbólgu-markmið og kaupmáttur. Öllum var ljóst að bæði markmiðin voru brostin og því var samningurinn í rauninni laus. Samningsákvæðið kvað einnig á um að til þess að framlengja samninginn þyrftu aðilar að samþykka hann. Samninganefnd ASÍ, sem hafði samningsumboð fyrir almennu samningana, vildi framlengja samninginn en það lá fyrir að Samtök atvinnulífsins vildu það ekki.

Miklar umræður fóru fram um málið og voru mjög skiptar skoðanir. Samþykkt var að óska eftir því að fresta endurskoðunarákvæðinu fram í júní. Þetta var gert því menn vildu ekki losa samninginn nú í því ástandi sem ríkir og töldu líklegra að í júní yrði hugsanlega auðveldara að ná launahækkuninni, þ.e. 13.500 krónur á taxa og 3,5% á þá sem eru ekki á töxtum.

Samningar starfsmanna hjá ríki og sveitarfélögum eru lausir síðar á árinu. Það er krafa okkar að haft verði í huga, þegar þeir samningar verða gerðir eða framlengdir, að þeir sem minnst hafa, það er taxtafólkið, fái kjarabætur.

Það er skýlaus krafa okkar að ekki verði sett á aukin þjónustugjöld, sem gera ekkert annað en að auka vanda heimilanna sem nú berjast í bökum.

Nú höfum við von um að vextir fari lækkandi og verðbólgan einnig og að gengið færist nær raunveruleikanum. Ef þetta gengur eftir mun sá mikli vandi sem heimilin og fyrirtækin í landinu standa frammi fyrir minnka.

Við krefjumst þess að þeir aðilar sem hafa komið íslenskum heimilum í þennan mikla vanda með sinni óráðsú og röngu ákvarðanatöku eigi og verði að axla sína ábyrgð.

Við Eyfirðingar höfum alltaf staðið saman þegar á móti hefur blásið og það er staðreynd að við vorum fyrst til að reyna að undirbúa mótleik gegn ástandinu, með samvinnu sveitarfélaga, stéttarfélaganna og margra stofnana og hjálpar-samtaka sem stofnuðu almannaheillanefndina hér á Akureyri. Nefndin hefur unnið vel og skipulagt starf sem hefur skipt marga miklu máli.

Í því ástandi sem nú er megum við ekki gleyma okkur í okkar eigin erfiðleikum heldur hafa auga með öðrum og reyna að hjálpa til og auðvelda öðrum lífið. Við erum viss um að við komumst fyrir út úr erfiðleikum ef við stöndum saman.

Á degi verkafólks skulum við að minnst þess að ekkert hefur áunnist í réttindamálum án baráttu og þar skipta stéttarfélagin öllu máli.

Félagar stöndum vörð um réttindi okkar. Ófl frjálshyggjunnar sækja hart

að þeim, þrátt fyrir að hafa beðið algjört skipbrot. Við megum ekki gefa eftir heldur verðum við að sækja fram til sigurs.

Markmið okkar í dag eru: Frjáls heimili og atvinna fyrir alla! ■

## Hátíðarhöld stéttarfélaganna á Akureyri 1. maí 2009

Göngufólk safnast saman við Alþýðuhúsið kl. 13:30.

Lagt upp í kröfugöngu við undirleik Lúðrasveitar Akureyrar kl. 14:00.

Happdrættismiðar afhentir göngufólki.

Hátíðardagskrá í SJALLANUM

að lokinni kröfugöngunni.

Ávarp 1. mánefndar stéttarfélaganna

Björn Snæbjörnsson  
formaður Einingar-lögu

Ávarp: Starfsendurhæfingarsjóður

Elsa Sigmundsdóttir  
ráðgjafi sjóðsins í Eyjafirði

Aðalræða dagsins

Sigurður Bessason  
formaður Eflingar stéttarfélags

Skemmtidagskrá, kaffiveitingar og dregið í happdrættinu:

- Kristján Edelstein og Pétur Hallgrímsson -
- Æskulýðskór Gleráarkirkju undir stjórn Ástu Magnúsdóttur -
- Big-band Tónlistarskólans á Akureyri -
- Atriði frá Freyvangssleikhúsinu -

"ATVINNA FYRIR ALLA"  
eru kjörorð dagsins

1. maípenningar verða seldir í tilefni dagsins



*Við sendum félagsmönnum okkar og öllu launafólki, baráttukveðjur í tilefni 1. maí*



Sjómannafélag Ólafsfjarðar

FOSA Félag opinberra starfsmanna á Austurlandi

# Kosningafundur í Grímsey á sumardaginn fyrsta



Þegar niðurstöður kosninga liggja fyrir sitja eftir mörg eftirminnileg atvik frá kosningabaráttunni. Á sumardaginn fyrsta var ég þeirrar ánægju aðnjótandi að fá að fylgja Steingrími Sigfússyni formanni VG í kosningaferð norður til Grímseyjar. Tekið var á móti okkur á flugvöllinum við heimskautsbaug og ekið sem leið lá beint upp í félagsheimilið Múla þar sem nærri helmingur kosningabærra íbúa eyjunnar voru þegar mættir til að ræða við Steingrím um áherslur Vinstri grænna í sjávarútvegsmálum, atvinnumálum og ýmsum öðrum málum sem brunnu á heimamönnum. Eftir tveggja tíma dvöl í Grímsey þar sem vorið var að setjast að, flugum við í átt að Eyjafirði mót sólargeislum og bláum sumarhimni.



Myndir og texti: Áshjörn Björgvinsson

## Svipmyndir frá kjördegi

Steingrímur J. Sigfússon fór víða á kjördegi líkt og venja er. Ferðin hófst á Siglufirði um morguninn og endaði á Akureyri rétt fyrir miðnætti. Myndirnar sem hér birtast voru teknar á Akureyri, Húsavík, Egilsstöðum og Þórshöfn þar sem fylgst var með fyrstu tölum.



Ólafur P. Jónsson ásamt fyrsta þingmanni Norðausturkjördæmis.



Framtíðarkjösendur taka formanninn tali á Húsavík.



Sigfús Ólafsson og Huginn Freyr Þorsteinsson ræða við þingmennina Steingrím og Þuríði Backman.



Steingrímur og Guðmundur Sigurjónsson ræðast við á Egilsstöðum.



Sigfús Ólafsson, Þór Steinarsson og Hallur Gunnarsson í baráttubug á Akureyri.



Fyrstu tölur berast úr Norðausturkjördæmi á kosningavökunni á Þórshöfn.



Jóhannes og Steingrímur Sigfússynir buga að nýfenginni stöku á Þórshöfn.



Sveinar Sigurbjarnarson, Steingrímur J. Sigfússon og Huginn Freyr Þorsteinsson á góðri stundu á Egilsstöðum.



Dýrleif Skjöldal og Bjarkey Gunnarsdóttir buga að gestum og gangandi á kosningakaffinu á Akureyri. Myndir: Oddur Ólafsson



*Víð sendum starfsfólki okkar og  
launamönnum öllum bestu kveðjur í tilefni 1. maí.*



*Gledilegt sumar*



Vátryggingafélag Íslands



TAXI



SÍLDARVINNSLAN HF  
NESKAUPSTAÐ



PRICEWATERHOUSECOOPERS   
pwcglobal.com/is



TRYGGINGAMIDSTÖÐIN



Arkitektþjónusta  
Austurlands sf



Samvinnufélag  
útgerðarmanna  
Neskaupstað



TRÉIÐN  
Beykilundi 4, Akureyri

Flugkaffi  
Akureyrarflugvelli

Garðtækni  
búðarfjörú 9, 600 akureyri,  
símar 461 1194 og 853 2282

GLERÁRTORG  
... af nógu að taka



Hótel Natur  
601 Akureyri



Súluvegi 1 – 600 Akureyri



# Fyrirtæki, félagasamtök og aðrir hópar!

Veislusalur Greifans



**GREIFINN**  
*-fyrir alla*



Greifinn veitingahús, Glerárgötu 20, 600 Akureyri, Sími 460 1600, [www.greifinn.is](http://www.greifinn.is)